

Ágæti viðskiptavinur HS Veitna hf.

Með bréfi þessu viljum við kynna ákvörðun stjórnar HS Veitna hf um upphaf mælavæðingar hjá veitunni. Það eru rúm tvö ár síðan umræða hófst um þessa breytingu en undirbúningur hófst af fullum þunga í upphafi árs 2010. Áætlað er að vinna við að skipta út núverandi hemlum í hitagrindum og setja í staðinn rennslismæla hefjist um mánaðarmótin ágúst – september 2010. Starfsmenn HS Veitna hf munu veita upplýsingar og aðstoða eins og kostur er við þessa breytingu.

Vatnsmælir, viðskiptavinur fylgist með og stjórnar notkun.

Flestar veitur hér á landi selja í dag vatn samkvæmt rennslismæli. Veitur sem byrjuðu með hemla hafa nær allar skipt yfir í rennslismæla. Megin orsök þessara skipta er sú að það verður sífellt erfiðara að fá hemla sem standast kröfur HS Veitna hf um nákvæmni og stöðugleika.

Byrjunin er 900 mælar í fyrirtæki.

Ákveðið hefur verið að hefja útskiptinguna hjá fyrirtækjum / stofnunum á Suðurnesjum. Um er að ræða um 900 hemla. Síðar er áætlað að skipta út hemlum fyrir rennslismæla í íbúðarhúsnæði á Suðurnesjum en tímasetning þess hefur ekki verið ákveðin.

Nauðsynlegt er að viðskiptavinir hugi að húskerfum sínum.

Verktaki á vegum HS Veitna hf mun sjá um skiptin úr hemli í mæli. Verktaki mun tengja húskerfi við mælagrind að nýju, þ.e. ofnakerfi og neysluvatn. HS Veitur hf mæla eindregið með því að húseigendur láti pípulagningamann yfirfara húskerfi sitt til að tryggja að allt sé í lagi og húskerfið jafnvægisstillt. Það er ljóst að í gegnum einn ójafnvægisstilltan ofn getur runnið mikið magn af vatni og því nauðsynlegt að fyrirbyggja allt slíkt strax í upphafi svo forðast megi sóun vatns með tilheyrandi kostnaði fyrir viðskiptavin.

HS Veitur hf óska eftir góðu samstarfi.

Um það bil einni til tveimur vikum áður en farið verður í skiptin verða send út bréf með nánari upplýsingum um hvenær verkið verði unnið, upplýsingar um verktaka o.s.frv. Nauðsynlegt er að aðgengi að hitagrind sé gott. Verktaki mun svo hafa samband u.þ.b. tveimur dögum áður en verkið hefst m.a. til að afla upplýsinga um aðgengi o.fl.

Hlutfallsleg skipting greiðslu hætt – húsfélag eða einn aðili ábyrgur.

Með tilkomu mælanna verður ekki lengur hægt að skipta greiðslum eftir hundraðshluta einstakra húshluta þeirra húsa þar sem margir notendur hafa sameinast um eina hemlagrind. Viðskiptavinir í húsnæði þar sem ein grind sinnir mörgum notendum verða því að koma sér saman um einn aðila sem er ábyrgur fyrir vatnsnotkun í húsnæðinu og ber hann einn ábyrgð á greiðslu reikninga fyrir notkunina. Algengt er að húsfélag sé þessi aðili og því getur reynst nauðsynlegt að stofna húsfélag þar sem það hefur ekki þegar verið gert.

Vilji aðilar sem hafa skipt notkun hlutfallslega, fá fleiri en eina mælagrind verða þeir að ráðfæra sig við pípulagnameistara um möguleika slíkrar uppskiptingar á hitakerfi hússins. Fyrir auka mælagrind er greitt sérstaklega samkvæmt gjaldskrá HS Veitna hf.

Upplýsingar um nafn og kennitölu þess sem ábyrgur verður fyrir greiðslu, ásamt samþykki allra hlutaðeigandi notenda, verða að berast skrifstofu HS Veitna hf áður en vinna við breytinguna hefst og eigi síðar 1. september 2010. Þessum upplýsingum skal



komið til þjónustufulltrúa með tölvupósti á netfangið hs@hs.is eða með því að koma við í afgreiðslu okkar að Brekkustíg 36, sem er opin frá 08:15 – 16:00 mánudaga til föstudaga.

Nánari upplýsingar eru veittar í síma 4225200 og með tölvupósti:

Verklag við skipti yfir í mæla.

Forstöðumaður vatnsdeildar: Grétar Sigurgeirsson gretar@hs.is
Verkstjóri vatnsdeildar: Aðalsteinn Guðmundsson adalsteinn@hs.is

Fyrirkomulag reikninga og greiðslna.

Fjármálastjóri: Stefán Jón Bjarnason stefan@hs.is.

Frekari upplýsingar - góð vitund er nauðsynleg.

Inn á heimasíðu fyrirtækisins, www.hsveitur.is er að finna frekari upplýsingar um breytingarnar og hægt er að fá svör við ýmsu þeim tengdum. Þar er að finna reikniverk þar sem hægt er að skrá inn mælisstöðu og viðskiptavinur getur þannig séð áætlaðan kostnað við kaup á heitu vatni mánuði fyrir mánuð og jafnframt séð áætlaðan kostnað fyrir árið. Rennslismælir, þ.e. skífan á honum, allir gluggar og tölur eru útskýrð. Þar er einnig að finna bæklinginn „Hitamenning“ með hagnýtum upplýsingum um hitakerfi húsa og fleiru. Bæklingurinn verður afhentur viðskiptavini við lokafrágang breytinga. Á öftustu síðum bæklingisins geta viðskiptavinir skráð niður notkun sína og þannig fylgst með notkuninni tímabil fyrir tímabil. Einnig er á heimasíðunni að finna útskýringar þegar bera á saman hemlastillingu og eiginlega mælda vatnsnotkun.

F.h. HS Veitna hf

Árni Sigfússon
stjórnarformaður.

Júlíus Jónsson
forstjóri.